

Nd.

19. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á nauðsynjavörum til tryggingar landinu.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að gjöra nú þegar ráðstafanir til þess að kaupa nauðsynjavörur til tryggingar landinu.

Vörurnar skulu seldar kaupmönnum, kaupfjelögum, sveitarfjelögum og öðrum fjelögum, þótt ekki hafi þau verslunarleyfi, með svo vægu verði, sem frekast er unt.